

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir miðbæ Ólafsvíkur, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. september 2005 deiliskipulag fyrir miðbæ Ólafsvíkur, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið nær yfir hluta miðbæjar Ólafsvíkur þar sem meðal annars er gert ráð fyrir stækkun á dvalarheimilinu Jaðar og hóteli Ólafsvíkur.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 7. nóvember 2005.

Smári Björnsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Alcan á Íslandi hf., Straumsvík, kt. 680466-0179. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. nóvember 2020.

Umhverfisstofnun, 7. nóvember 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnslusviðs.*

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005